

Reykjavík 1. júlí 2018

## Kæra

Dómsmálaráðuneytið  
Sölvhólsögötu 7  
101, Reykjavík

Ég undirrituð Vigdís Hauksdóttir, kt. 200365-2919 til heimilis að Drápuhlíð 30 í Reykjavík kæri úrskurð kjörnefndar sem skipuð var af sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu, hinn 7. júní s.l.

Kærandi hefur á öllum stigum viðurkennt að kærufrestur sá sem kveðið er á í lögum um kosningar til sveitarstjórnar, nr. 5/1998, er löngu liðinn, en vegna alvarlegra athugasemda við framkvæmd og aðdraganda borgarstjórnarkosninganna sbr. úrskurð Persónuverndar í máli nr, 2018/831, sem birtur var Reykjavíkurborg hinn 7. febrúar s.l. lítur kærandi svo á að nýr kærufrestur hafi byrjað að líða þann dag.

Kjörnefnd og kærandi eru ekki sammála í þessum efnum og hefur kjörnefnd vísað kærinni frá með þeim rökum að ekki eru ákvæði í lögum um kosningar til sveitastjórna nr. 5/1998 um að framlengja megi þann frest sem kveðið er á um í 1. mgr. 93. gr. Jafnframt taldi nefndin að ekki væri í öðrum lögum eða réttarheimildum að finna heimild til þess að nefndin gæti framlengt þann frest eða ákvarðað að upphaf hans verði fært til síðara takmarks en þess er úrslitum kosninga var lýst. Hér beitir nefndin lagaeyðuákvæði sem teljast verði kæranda í hag vegna alvarleika brotsins og fordæmalausra vinnubragða Reykjavíkurborgar sem Persónuvernd úrskurðaði um að afloknum lögbundnum sveitastjórnarkosningum. Kærandi lítur svo á að um alvarlega aðför hafi verið gerð að lýðræðinu í landinu með þeim lögbrotum sem Persónuvernd upplýsti um.

Sveitastjórnnum er falin mikil ábyrgð í lögum um kosningar til sveitastjórna nr. 5/1998. Starfandi meirihluti sveitarstjórnar hverju sinni sér um framkvæmd kosninga. Þessi óháða lagaskylda var brotin í borgarstjórnarkosningunum sem fram fóru hinn 26. maí 2018, eins og skýrt kemur fram í úrskurði Persónuverndar.

Ekki er getið um málsmeðferð kæru í úrskurði kjörnefndar aðra en þá að vísa beri kæru til dómsmálaráðuneytisins. Á þeim grunni óskar kærandi eftir að dómsmálaráðuneytið vísi kæru minni að nýju til kjörnefnarinnar til efnisúrskurðar á grunni alvarleika þeirra brota sem lýst er í úrskurði Persónuverndar, mál nr. 2018/831, um notkun Reykjavíkurborgar og rannsakenda við Háskóla Íslands á persónuupplýsingum frá Þjóðskrá Íslands fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í maí 2018, **til ógildingar kosninganna**. Ef dómsmálaráðuneytið telur þá vísun málsins ekki rétta óskar kærandi eftir að ráðuneytið vísi kærinni til réttis stjórnvalds, eða úrskurði sjálfst efnislega.

Virðingarfyllt  
Vigdís Hauksdóttir

## Greinargerð:

Á fundi stjórnar Persónuverndar hinn 31. janúar 2019 var tekin ákvörðun í máli nr. 2018/831, sem er niðurstaða stofnunarinnar í frumkvæðisathugunarmáli gagnvart Reykjavíkurborg, Hagstofu Íslands, [A], lektor við Háskóla Íslands, [B], lektor við Háskóla Íslands, og Þjóðskrá Íslands vegna vinnslu persónuupplýsinga úr kjörskrá fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 26. maí 2018. Niðurstaðan var tilkynnt Reykjavíkurborg með bréfi hinn 1. febrúar s.l. að ákvörðunin yrði birt á vef Persónuverndar og var hún birt 7. febrúar s.l.

Ákvörðunarorð Persónuverndar var eftirfarandi:

- Vinnsla Reykjavíkurborgar og rannsakenda við Háskóla Íslands á persónuupplýsingum frá Þjóðskrá Íslands, sem fólst í að senda mismunandi skilaboð til ungra kjósenda fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í maí 2018, samrýmdist ekki lögum nr. 77/2000.
- Vinnsla Reykjavíkurborgar á persónuupplýsingum frá Þjóðskrá Íslands, sem fólst í að senda skilaboð til kvenna 80 ára og eldri og erlendra ríkisborgara fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í maí 2018, samrýmdist ekki lögum nr. 77/2000.
- Vinnsla Þjóðskrár Íslands á persónuupplýsingum sem fól í sér afhendingu upplýsinga til Reykjavíkurborgar um kyn og ríkisfang erlendra ríkisborgara samrýmdist ekki lögum nr. 77/2000.
- Ámælisvert er að Reykjavíkurborg hafi ekki veitt Persónuvernd upplýsingar um alla þætti málsins eftir að stofnunin óskaði sérstaklega eftir því með bréfi, dagsettu 14. maí 2018.

Hér er um alvarleg lögprot að ræða sem samrýmdust ekki þágildandi lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000. Leiða má að því sterkum líkum að úrslit borgarstjórnarkosninganna hafi orðið önnur hefði stjórnvaldið Reykjavíkurborg ekki farið í þessar aðgerðir.

Dagur B. Eggertsson var oddviti Samfylkingarinnar í Reykjavík í borgarstjórnarkosningunum árið 2014. Hann er pólitískt kjörinn borgarstjóri og undir hans stjórn sem borgarstjóra var farið í aðgerðir sem Persónuvernd úrskurðaði að væru brot á lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Hér á eftir fer gróf tímalína:

Á borgaráðsfundi hinn 5. október 2017 var lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 28. september 2017:

Lagt er til að settur verði saman hópur sérfræðinga sem geri tillögur að aðgerðum til þess að auka kosningaþátttöku í næstu sveitarstjórnarkosningum. Bæði verði hugað að almennum aðgerðum og sérstaklega leitað leiða til þess að auka kosningaþátttöku ungs fólks og fólks af erlendum uppruna. Rannsóknir sýna að kosningaþátttaka þessara hópa er mun verri en almennt gerist, og því brýnt að leita allra leiða til þess að auka hana. Tillögurnar verði unnar í samvinnu við Reykjavíkurráð ungmenna og fjölmenningsráð og verði lagðar fram í stjórnkerfis- og lýðræðisráði og mannréttindaráði. Leitað verði hugmynda og leiða í samvinnu við sérfróða aðila á sviði markaðs- og kynningarmála, og sjónum í því sambandi einkum beint að samfélagsmiðlum.

Greinargerð fylgdi tillögunni með tölulegu efni og fleiru og í lok greinargerðarinnar kom fram að gert yrði ráð fyrir að tillögur starfshópsins yrður lagðar fram í stjórnkerfis- og lýðræðisráði og mannréttindaráði eigi síðan er 15. janúar 2018.<sup>1</sup> Var atkvæðagreiðslu frestað.

Á borgarráðsfundi hinn 12. október 2017 var tillagan endurflutt óbreytt og var hún samþykkt.<sup>2</sup>

Í tillögunni er kveðið á um að settur yrði saman hópur sérfræðinga sem geri tillögur að aðgerðum til þess að auka kosningabátttöku í næstu sveitarstjórnarkosningum. Borgarstjóri er æðsti yfirmaður Reykjavíkur og er pólitískur. Ekki var um að ræða meiri sérfræðinga í hópinn en svo að starfsmenn ráðhússins, undirmenn borgarstjóra, voru skipaðir í hópinn sem verður að teljast sérlega ámælisvert. Hinn 16. nóvember 2018 skipaði **borgarstjóri** starfshóp.

Starfshópin skipuðu:

- Unnur Margrét Arnardóttir, sérfræðingur, skrifstofa borgarstjóra og borgarritara (formaður).
- Joanna Marcinkowska, verkefnastjóri, mannréttindaskrifstofa.
- Tómas Ingi Adolfsson, sérfræðingur, mannréttindaskrifstofa.
- Hildur Lilliendahl Viggósdóttir, verkefnastjóri, skrifstofa borgarstjórnar.<sup>3</sup>

Ítarlega er farið yfir þetta mál í fyrri kæru og vísað er á hana. Bent er sérstaklega á að fyrrgreindir undirmenn borgarstjóra sáu um alla framkvæmd verkefnisins til loka þess. Útilokað er að borgarstjóri hafi ekki vitað af bréfaskriftum mannréttindaskrifstofu við allar helstu eftirlitsstofnanir landsins í ferlinu. Málið rataði sjaldan inn á borð borgarráðs eða borgarstjórnar og þá að beiðni minnihutans sem var grunlaus um hvað gekk á framan af.

Rétt er að vekja athygli dómsmálaráðuneytisins á að allt efni sem fór til markhópanna var rækilega merkt Reykjavíkurborg og á það minnt í bréfunum að borgin veiti óeigingjörnu þjónustu. Einnig er rétt að minna á úrskurð Persónuverndar um að markhópaefnið innihélt mjög gilishlaðin skilaboð, eins og t.d. að það væri borgaraleg skilda að kjósa, að lýðræðinu væri ógnað ef viðkomandi mætti ekki á kjörstað og fl. Reykjavíkurborg eitt sveitarfélag fór í samstarf við verkefnið/vefsíðuna „egkys.is“. Var verkefnið styrkt af borginni með fjár- og vinnuframlagi og hafði hún mjög pólitíska slagsíðu. Ekki var gætt að jafnræði milli framboðslista og lengi vel vantaði tvö framboð/listabókstafi inn á síðuna. Borgarstjóri og þáverandi meirihluti Reykjavíkurborgar voru á forsíðu vefsíðunnar en leita varð að öðrum framboðum á undirsíðum vefsíðunnar.

Nánari atburðarás og tímalínu af afskiptum þáverandi meirihluta undir stjórn borgarstjóra er að finna í fyrri kæru og vísað er til hennar í rökstuðningi þessum. Þó er rétt að draga fram eina bókun um málið frá borgarráðsfundi 31. maí 2018, eftir að kosningar voru yfirstaðnar og trúnaði var aflétt af bókunum sem voru gerðar á borgarráðsfundi hinn 17. maí 2018.

Gerðar eru alvarlegar athugasemdir við vinnubrögð borgarstjóra og meirihlutans vegna aðgerða til að auka kosningabátttöku í nýafstöðnum borgarstjórnarkosningum. Vafasamt er að stjórnvaldið Reykjavíkurborg sendi þúsundum kjósenda bréf í gluggaumslögum með þeirri fullyrðingu að viðtakandi sé skyldugur til að nýta kosningarétt sinn. Umrædd fullyrðing er

<sup>1</sup> [https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/aukning\\_kosningathattoku.pdf](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/aukning_kosningathattoku.pdf)

<sup>2</sup> Sjá dagskrárlíð 27 í fundargerð: <https://reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-5470>

<sup>3</sup> [https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/18.1.2018\\_lokaskyrsla\\_-\\_starfshopur\\_um\\_aukna\\_kosningathattoku\\_2018.pdf](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/18.1.2018_lokaskyrsla_-_starfshopur_um_aukna_kosningathattoku_2018.pdf)

röng enda er það hluti af kosningaréttinum að kjósa ekki og senda valdhöfum þannig skilaboð. Þegar fulltrúi Sjálfstæðisflokksins lagði fram bókun um þetta atriði á borgarráðsfundi 17. maí sl. komu fulltrúar meirihlutans í veg fyrir að bókunin yrði færð í fundargerð fundarins með þeim rökstuðningi að **efni viðkomandi bréfa væri trúnaðarmál þrátt fyrir að þau væru þá á leiðinni til þúsunda kjósenda**. Ljóst er að þessi leyndarhyggja meirihlutans stenst enga skoðun. Milljónum króna af fé borgarinnar var varið til að kynna umræddar aðgerðir og í þeim auglýsingum var ætíð vísað á ákveðna vefsíðu. **Á vefsíðunni var sérstök síða fyrir Reykjavík og þar birtist eftirfarandi texti á mest áberandi stað: „Samfylkingin, Björt framtíð, Vinstri grænir og Píratar mynda meirihluta borgarstjórnar. Dagur B. Eggertsson úr Samfylkingu er borgarstjóri.**“ Engin ástæða var hins vegar talin til að veita upplýsingar um aðra flokka, hvorki þá sem voru í minnihluta borgarstjórnar né ný framboð.<sup>4</sup>

Borgarstjóri átti hugmyndina af verkefninu, skipað starfsfólk úr röðum undirmanna sinna sem keyrðu verkefnið áfram þrátt fyrir alvarlegar athugasemdir eftirlitsstofnanna ríkissins. Það er ljóst þegar gögn málsins eru skoðuð.

### Úrskurður kjörnefndar og rökstuðningur kæranda

Dómsmálaráðuneytið lagði fyrir Sýslumanninn á höfuðborgarsvæðinu með úrskurði dags. 31. maí 2019, að skipa þriggja manna nefnd til að taka afstöðu til kæruefnis vegna kosninga til borgarstjórnar Reykjavíkur sem fram fóru 26. maí 2018, sbr. 93. gr. laga um kosningar til sveitastjórna nr. 5/1998, frá kæranda.

Hinn 7. júní 2019, var tekið fyrir af Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu að skipa þriggja manna nefnd til að taka afstöðu til kæruefnisins. Þeir sem skipaðir voru í nefndina voru Ásgeir Þór Árnason hrl., Sigurður Jónsson hrl. og Ásta Guðrún Beck hdl. og var Ásgeiri Þór Árnasyni falið að kalla nefndina saman.

Kærandi fékk ábendingar um hugsanlegt vanhæfi eins nefndarmanns vegna starfa hans á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara árið 2015.<sup>5</sup> Hinn 13. júní 2019, var tekið fyrir af Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu að endurskipa í kjörnefndina þar em umræddur nefndarmaður vék og Hulda Rós Rúriksdóttir hrl. var skipuð. Önnur skipan var óbreytt.

Mánudaginn 24. júní 2019, kom kjörnefnd saman til að fjalla um kærur þær sem borist höfðu nefndinni og feldu úrskurð þann sem nú er kærður til dómsmálaráðuneytisins. Úrskurðurinn var birtur kæranda með tölvupósti þriðjudaginn, 25. júní 2019 kl. 10:59.

Samkvæmt XIV. kafla laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sem fjallar um kosningakærur, segir í 2. mgr. 93. gr.: „Viðkomandi sýslumaður skal skipa þriggja manna nefnd til að úrskurða um kæruefnið þegar er honum hefur borist kæra. Skal leita umsagnar yfirkjörstjórnar um kæru og skal hún láta uppi álit sitt innan viku frá því að hún fékk kærana og kjörnefnd kveða upp úrskurð sinn innan viku þar frá.“

Miðað við fyrirbyggjandi gögn stenst sá tímarammi ekki sem lögin setja, en kærandi gerir ekki athugasemdir við það að svo stöddu, þar sem yfirkjörstjórn Reykjavíkur var veittur frestur til að skila umsögn sinni.

---

4 Leturbreyting kæranda

5 <https://reykjavik.is/frettir/asta-gudrun-beck-radin-erindreki-skrifstofu-borgarstjora-og-borgarritara>

Ráðuneytinu er bent á að yfirkjörstjórn Reykjavíkur barst hinn 11. júní 2019 bréf kjörnefndar til umsagnar en þá var sá nefndarmaður sem kærandi telur vanhæfan til að fjalla um kærana, vegna fyrri starfa á skrifstofu borgarstjórnar, enn nefndarmaður í kjörnefndinni.

Hinn 18. júní 2019 skilaði yfirkjörstjórn Reykjavíkur umsögn vegna kæruefnisins og fór fram á frávísun á grunni þess að kæran hafi komið of seint fram sbr. 1. mgr. 93. gr. laga nr. 5/1998. Hins vegar er athyglisvert að yfirkjörstjórn leggst í vörn í umsögninni varðandi úrskurð Persónuverndar í máli nr. 2018/831, en í umsögninni kemur fram að: „Af hálfu Persónunefndar fór hins vegar engin skoðun á framkvæmd borgarstjórnarkosninganna eða var þar nokkur afstaða tekin til þess hvort fyrrnefnd vinnsla hafi falið í sér óleyfilegan kosningaáróður eða kosningaspjöll samkvæmt 1. mgr. 92. gr. laga nr. 5/1998.

Yfirkjörstjórn Reykjavíkur efast með þessum orðum í umsögn sinni um hæfi Persónuverndar til að úrskurða í frumkvæðisathugunarmái sem stofnunin fór af stað með eftir umræður í borgarstjórn hinn 15. maí 2018, þar sem fulltrúi Sjálfstæðisflokksins flutti tillögu um að álit Persónuverndar yrði fengið vegna vafasamra vinnubragða í ráðhúsinu í þessu máli. Sú tillaga var felld af meirihlutanum, en þess í stað var samþykkt tillaga af sama meirihluta að vísa málinu til borgarráðs, þar sem málið var svæft fram yfir kosningar.

Þegar fundargerðir yfirkjörstjórnar Reykjavíkur eru lesnar er lítið bókað um aðkomu Persónuverndar að málinu, þrátt fyrir samskipti stofnunarinnar mannréttindaskrifstofu Reykjavíkur, eins og t.d. beiðni Persónuverndar, dags. 14. maí 2018, um gögn varðandi bréfasendingar til ungra kjósenda. Þó er á fundi yfirkjörstjórnar sem haldinn var hinn 25. apríl 2019 lagt fram bréf borgarstjórnar til Persónuverndar frá 23. mars og svarbréf Persónuverndar frá 20. apríl um „útsendingu talningar á vefsíðu Reykjavíkurborgar.“ Kærandi hefur þessi erindi ekki í gagnasafni sínu.

Ekki rataði heldur inn í fundargerðir yfirkjörstjórnar bréf Persónuverndar til Reykjavíkurborgar vegna frumkvæðisathugunar, dags. hinn 18. maí 2018, né önnur þau erindi sem eftirlitsstofnanir ríkisins höfðu sent Reykjavíkurborg sem farið er yfir í fyrri kæru.

Dómsmálaráðuneytinu er jafnframt bent á að ábendingarbréf ráðuneytisins sem sent var Reykjavíkurborg, eftir ábendingar Persónuverndar til dómsmálaráðuneytisins og umboðsmanns Alþingis, dags. 18. maí 2018, sem innihélt ábendingar um að reynt gæti á kosningalöggjöf, sem barst Reykjavíkurborg 23. maí 2018, var ekki tekið fyrir á fundi yfirkjörstjórnar Reykjavíkur, þótt fundur hafi verið í yfirkjörstjórninni þann dag.<sup>6</sup>

Yfirkjörstjórn fundaði 25. maí, 26. maí (kjördagur) og 28. maí. Á fundinum 28. maí er bréf dómsmálaráðuneytisins loks lagt fram en þá voru kosningar yfirstaðnar. Yfirkjörstjórn mátti vera ljóst að erindið innihéldi alvarlegar athugasemdir, vegna framkvæmda kosninganna og ekki er hægt að bera því við að yfirkjörstjórn væri ekki kunnugt um erindi ráðuneytisins því yfirkjörstjórn Reykjavíkur var sent ljósrit af erindinu. Einnig sat ritari borgarstjórnar og borgarráðs, Helga B. Laxdal, fundi yfirkjörstjórnar.

Hér er því um alvarlegt tómlæti að ræða hjá yfirkjörstjórn Reykjavíkur sem verður að rannsaka efnislega og þarfnast frekari skýringa.

---

<sup>6</sup> [https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/22.5.2018\\_bref\\_domsmalaraduneytis.pdf](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/22.5.2018_bref_domsmalaraduneytis.pdf)

Í IV. kafla úrskurðar kjörnefndar er fjallað um upplýsingaöflun nefndarinnar. Sá kafli er að mestu rangur og villandi. Eftirfarandi er bókun kæranda sem lögð var fram á fundi borgarráðs hinn 27. júní s.l.:

Samkvæmt úrskurði kosninganefndar er ljóst að yfirkjörstjórn Reykjavíkur lagði í vörn sinni allan þunga á villandi upplýsingar. Ekki er að finna neitt í úrskurðinum að farið hafi verið efnislega inn í málið, og það hrakið sem rakið er í greinargerð minni í kærinni, enda er það óhrekjanlegt. Svo virðist að yfirkjörstjórn hafi blekkst kosninganefndina, því í IV kafla úrskurðarins kemur fram að á fundi borgarstjórnar 15. maí 2018 hafi komið fram tillaga um að vísa tillögum um leiðir og aðgerðir til að auka kosningaþátttöku í borgarstjórnarkosningunum 2018 til umsagnar Persónuverndar. Þetta er hálf sannleikur því vissulega var tillagan flutt en hún var felld af þáverandi meirihluta sem flutti tillögu um að vísa tillögunni til borgarráðs sem var samþykkt af sömu aðilum. Er hér um afar villandi málatilbúnað að ræða hjá yfirkjörstjórn Reykjavíkur og því er ekki ljóst á þessari stundu hvort kjörnefnd hafi sannreynt þessa rangfærslu yfirkjörstjórnar. Síðan segir að málið hafi verið rætt ítarlega á fundi borgarráðs hinn 31. maí 2018 sem eru kaldhæðnisleg rök því sveitastjórnarkosningarnar voru þá yfirstaðnar. Ekki er minnst einu orði á borgarráðsfund sem fór fram 17. maí þar sem málið var rætt og allar bókanir voru færðar í trúnaðarbók fram yfir kosningar til að ekki kæmist upp um brotin.<sup>7</sup>

Af öllu framansögðu er ljóst er óhjákvæmilegt að dómsmálaráðuneytið hlutist til um finna kæru þessari farveg og að hún verði tekin til efnismeðferðar og úrskurðar, um hvort framkvæmd borgarstjórnarkosninganna sem fram fóru 26. maí 2018 hafi verið löglegar sbr. lög um kosningar til sveitastjórna nr. 5/1998.

---

<sup>7</sup> Í bókuninni er fjallað um kosninganefnd, en þar á að standa kjörnefnd

## Fylgiskjöl

1. Kæra Vigdísar Hauksdóttur til Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu, ásamt greinargerð, dags 14. febrúar 2019
2. Frávísunarúrskurður Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu
3. Kæra til dómsmálaráðuneytisins um ógildingu ákvörðunar Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu
4. Úrskurður dómsmálaráðuneytisins um að Sýslumaður skipi þriggja manna nefnd til að taka afstöðu til kæruefnis um gildi borgarstjórnarkosninganna í Reykjavík
5. Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu skipar kjörnefnd, hinn 7. júní 2017
6. Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu skipar nýjan aðila í kjörnefnd hinn 13. júní 2017
7. Umsögn yfirkjörstjórnar Reykjavíkur
8. Fundargerðir yfirkjörstjórnar Reykjavíkur
9. Tölvupóstur frá Þuríði Árnadóttur, staðgengli sýslumanns um úrskurð kjörnefndar
10. Úrskurður kjörnefndar